



Fundargerð

18. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í Orange Ármúla kl 20:00 miðvikudaginn 5. apríl 2017.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson, Björg Ágústsdóttir og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri. Sonja Sif Jóhannsdóttir í síma.

1. Heimsókn frá íþróttamanni

Fjóla Signý Hannesdóttir sagði stuttlega frá samstarfi ungra frjálsíþróttaleiðtoga og heimsókn sinni til Amsterdam í tengslum við EM 2016. Sjá meira um EAYL á <http://athleticscommunity.org/> Fjóla Signý er ein af þeim sem nú skipa íþróttamannanefnd FRÍ. Samþykkt samhljóða af stjórn að skipa Fjólu Signýju sem formann nefndarinnar. Rætt um hvort íþróttamannanefndin gæti unnið tillögur um viðburði eða verkefni til hvatningar og kynningar á frjálsum íþróttum; hugmyndir sem FRÍ gæti átt í pokahorninu og unnið úr eftir því sem aðstæður bjóða. Fjóla Signý yfirgaf fundinn að lið loknum.

2. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt.

3. Uppgjör ársins 2016

Ársreikningur 2016 og fjárhagsáætlun 2017 til umræðu. Stjórnin samþykkir ársreikning, eins og hann liggur fyrir. Endurskoðaður ársreikningur mun verða lagður til afgreiðslu á þingi FRÍ 2018. Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir 2017 lögð fram og samþykkt.

4. Nordenkampen og RIG 2018, framhald netumræðu

Stjórn samþykkir tillögu Svía sem hafa sóst eftir að fá að halda Nordenkampen 2018 í Svíþjóð, en áður hafði verið samþykkt að mótið færi fram á Íslandi. Þar ræður miklu að Svíar fengu nýlega úthlutað stórum mótum 2019 og geta þá ekki bætt meiru á sig. Fer nú í samþykktarferli innan annarra norrænna sambanda.

5. Tímasetning Víðavangshlaups Íslands í samhengi við NM í víðavangshlaupi á Íslandi 2018.



Formaður leggur til að færa Víðavangshlaup Íslands þannig að það fari fram að hausti 2017 og 2018. Lagt er til að stofna nefnd til að fjalla um málið. Tillaga samþykkt um starfsnefnd, sem í sitja: Fríða Rún Þórðardóttir, Burkni Helgason, Sonja Sif Jóhannsdóttir og Tonie Sörensen. Framkvæmdastjóri FRÍ starfar með nefndinni.

6. Formannafundur FRÍ að vori og afreksumræða.

Rætt um afreksstefnu FRÍ. Formanni og framkvæmdastjóra falið að undirbúa vinnufund og gera tillögu að dagsetningu.

7. Verkefni, verkaskipting og helstu stefnumál næstu vikur og mánuði.

Frestað til næsta fundar.

8. Önnur mál

Rætt um:

- Vottun FRÍ á hlaupum, „Gæðavottun FRÍ“
- 70 ára afmæli FRÍ 16. ágúst 2017, skipa þarf í afmælisnefnd

Fundi slitið um kl. 22:00.

Fundargerð ritaði Lóa Björk Hallsdóttir